

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 163, 20. mars 1988.

Íðnaðarráðuneytið, 18. október 1989.

F. h. r.

Páll Flygving.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um innflutning með greiðslufresti og aðrar erlendar lántökur.

Með vísan til 14. gr. reglugerðar um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála nr. 211/1988 og laga nr. 68/1989 um breytingu á lögum nr. 63/1979, hefur viðskiptaráðuneytið í samráði við Seðlabanka Íslands, sett eftirfarandi reglur:

1.0. Greiðslufrestur á vörum.

- 1.1. Heimilt er að flytja inn einstakar vörusendingar, aðrar en þær sem greinir í 1.2. hér á eftir, með allt að 360 daga greiðslufresti, ef ekki kemur til ábyrgðar eða endurláns viðskiptabanka, sparisjóðs, tryggingarfélags, fjárfestingalánasjóðs eða annarrar fjármálastofnunar í því sambandi. Ekki er þó heimilt að notfæra sér lengri greiðslufrest en almennt gerist í milliríkjaviðskiptum með hlutaðeigandi vöru.
- 1.2. Komi til ábyrgðar eða endurláns þeirra stofnana og fyrirtækja sem um getur í 1.1. hér að framan við innflutning vöru þá er heimilaður erlendur greiðslufrestur til allt að 180 daga. Fresturinn má þó ekki vera lengri en almennt gerist í milliríkjaviðskiptum með hlutaðeigandi vöru. Greiðslufrestur við innflutning á olíu og bensíni má þó eigi vera lengri en 105 dagar. (Tollskrárnúmer 2710.0011, 2710.0019, 2710.0020, 2710.0042, 2710.0060 og 2710.0070).
- 1.3. Við innflutning á vörum með greiðslufresti skal reikna frestinn eigi síðar en frá tollafgreiðsludegi. Skal innflytjandi skrásetja greiðslufrestinn hjá viðskiptabanka eða hjá sparisjóði samhliða tollafgreiðslu ef umsaminn frestur er lengri en 60 dagar.

2.0. Aðrar erlendar lántökur.

Um heimildir til annarra lántaka en þeirra, er tilgreindar hafa verið hér að framan, skal sækja til viðskiptaráðuneytisins, sbr. þó auglýsingu um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar.

Umsóknir um undanþágur frá ofangreindum reglum, skulu sendar viðskiptabönkum eða sparisjóðum, sem leggja þær fyrir til úrskurðar samstarfsnefndar um gjaldeyrismál, sem starfar á vegum viðskiptaráðuneytisins.

Framangreindar reglur gilda frá og með 1. nóvember 1989 og jafnframt fellur úr gildi, auglýsing nr. 549/1988 um innflutning með greiðslufresti og aðrar erlendar lántökur.

Viðskiptaráðuneytið, 24. október 1989.

Jón Sigurðsson.

Atli Freyr Guðmundsson.